




Rauðhóll

Þar sem kærleikurinn og gleðin býr!

Skólanámsskrá

Efnisyfirlit



Inngangur	4	>> Jóga	39
Saga Rauðhóls	5	>> Hreyfistund	40
Hlutverk Rauðhóls	6	• Sjálfbærni og vísindi	41
Hugmyndafræði og sýn leikskólans	8	Menning – samstarf við nærumhverfi	43
• Leikurinn	9	Sérkennsla	45
• Einingakubbar	11	Samstarf við foreldra	47
• Flæði	12	Samstarf skólastiga og frístundar	49
• Færni til framtíðar	15	Innra og ytra mat	51
Sérsvið Rauðhóls	16	Mat á þroska og líðan barna	54
• Björnslundur	18	• Ferilmöppur	55
• Einingakubbar	20	Mannauður og forystusýn	57
• Skapandi starf	22	• Sameiginleg sýn	59
Grunnbættir menntunar	24	• Fyrirmyndir	60
• Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi	25	• Samskipti	60
Námssvið Rauðhóls	27	• Efling leiðtogaþæfni	61
• Læsi og samskipti	28	• Styrking faglegrar þekkingar	61
• Heilbrigði og vellíðan	31	• Uppbyggilegt og skapandi námsumhverfi	62
>> Matarímar	32	• Skipulag deildar	63
>> Hvíld	34	• Nýting mannauðs	63
>> Útinám	36	Heimildir	64
>> Ævintýraferðir	37		

A photograph of a snowy winter landscape. In the foreground, a snowman stands on the left. Several children in bright winter clothing are playing in the snow. In the background, there are snow-covered evergreen trees and a small wooden structure. The sky is overcast.

„Á leikskólinn lassakúta?“

(rassapotur)



Ævintýri



Litir



Björnslundur

Inngangur

Skólanámskrá leikskólans Rauðhóls var unnin af öllum kennurum skólans og tók sú vinna nokkur ár. Lokavinnan var í höndum deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra og verkefnastjóra og er leikskólastjóri ábyrgðaraðili. Raddir barnanna koma fram í námskránni þar sem hlustað er eftir skoðunum þeirra á viðfangsefnum í daglegu starfi. Foreldraráð leikskólans las yfir námskrána og gaf umsögn.

Metnaðarfull og mikil vinna liggur að baki þessari námskrá. Við stofnun skólans var lögð áhersla á að eiga faglega gagnrýna umræðu til að móta skólastarf Rauðhóls. Með því skapaðist sameiginleg sýn og viðhorf til skólastarfsins. Þessi sýn er í sífelldri þróun og endurskoðun og hefur leitt til þess að hugmyndafræðin hefur dýpkað. Í Rauðhól er lagt upp með að vinna sem lærdómssamfélag og starfsmenn sammæltust um að sækja um þróunarstyrk til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur til að dýpka starfið enn frekar. Leikskólinn fékk styrkinn fyrir verkefninu *Leyndarmál Rauðhólsgleðinnar* í maí 2018. Markmið verkefnisins er að styrkja og þróa starfshætti leikskólans með því að innleiða aðferðafræði Mihaly Csikszentmihaly um flæði (e. flow). Markmiðið er að allt starfsfólk öðlist frekari skilning á aðferðafræðinni og geti þar

af leiðandi nýtt styrkleika sína sem best í starfi. Markmiðið er einnig að greina og skapa námsumhverfi þar sem hverju barni er gefin rödd og því er mætt á eigin forsendum óháð kyni, uppruna, sérstökum þörfum og félagslegri stöðu. Námskrá þessi er afrakstur þeirrar vinnu og er í fullu samræmi við það starf sem á sér stað í skólanum. Þar sem gengið er út frá því að börnin hafi áhrif á daginn sinn og geti þannig látið drauma sína rætast.

Í þessari námskrá er meðal annars farið yfir sögu og hlutverk Rauðhóls. Hugmyndafræði og sýn leikskólans verða gerð skil ásamt grunnþáttum og námssviðum aðalnámskrár leikskóla. Farið verður yfir hvernig markmið og leiðir í starfi Rauðhóls tengjast ofangreindum þáttum.



Saga Rauðhóls



Leikskólinn Rauðhóll tók til starfa 1. mars 2007 í húsnæði skólans við Sandavað. Gert var ráð fyrir 88 börnum í skólanum en strax á fyrstu mánuðum var ljóst að stækka þyrfti skólann vegna mikils barnafjölda í hverfinu.

Vorið 2009 var skógarhúsið í Björnslundu tekið í notkun og með þeirri stækkun voru komin pláss fyrir 106 börn við leikskólann. Haustið 2010 stækkaði skólinn aftur þegar þrjár skálar við Norðlingaskóla voru teknar í notkun. Þangað flutti elsti árgangur Rauðhóls sem taldi þá 36 börn.

Haustið 2011 bættust við tveir skálar til viðbótar og þegar mest var voru 52 börn í bráðabirgðahúsnæði leikskólans við Norðlingaskóla. Á vormánuðum 2012 var ljóst að Rauðhóll myndi taka við starfsemi nýs leikskóla í hverfinu. Haustið 2012 var nýja húsnæðið tekið í notkun og leysti það skálana af hólmi. Til aðgreiningar eru tvö aðalhús leikskólans kölluð **Litir** og **Ævintýri** og er það vísun í nöfn deildanna á hvorum stað.


raudholl@rvkskolar.is // www.raudholl.is // Þróunarverkefni um flæði er www.raudholsgledin.com

Símanúmer >> **Litir** 411-7610 // **Ævintýri** 411-7650 // **Björnslundur** 534-6145

Útgáfa skólanámskrárinna **ágúst 2019** // Ábyrgðarmaður **Guðrún Sólveig** // Grafísk hönnun **NØR Station**



Hlutverk Rauðhóls



Rauðhóll starfar samkvæmt lögum um leikskóla (Lög um leikskóla, nr. 90/2008) og aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Á grunni aðalnámskrár ber hverjum leikskóla að útfæra sína eigin skólanámskrá þar sem lögð er áhersla á sérkenni, menningu og starfshætti viðkomandi skóla. Í Rauðhól er unnið með hugmyndafræði John Dewey og Caroline Pratt en vinna með einingakubbana er stór þáttur í skólastarfinu.

„Menntastefna byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess.“

(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).

„Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.“

(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).

Í starfi skólans er mikil áhersla lögð á umhverfismenntun og útinám. Einnig er stuðst við kenningar Mihaly Csikszentmihalyi um flæði ásamt hugmyndafræðinni *Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar*.

Markmið í starfi Rauðhóls er að þegar börn útskrifast frá skólanum hafi þau sterka sjálfsmynd, séu félagslega sterk ásamt því að vera stolt af bakgrunni sínum og menningu (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur, 2014).



Í námsumhverfinu er börnunum mætt á þeirra forsendum þar sem þau hafa nægt rými til sjálfsefningar sem felur í sér trú á eigin getu, sjálfsaga og þrautseigju. Þeim eru skapaðar góðar aðstæður til að styrkja félagsfærni sína og líkamlegt heilbrigði. Leiðir að því markmiði eru að skipulag leikskólans er sveigjanlegt. Með því er leitast við að bæði starfsfólk og börn grípi hugmyndir og tækifæri dagsins og vinni með þau og þrói. Mikil umhyggja, gleði, humor og samkennd einkennir starfsandann í Rauðhól. Starfsfólk fær tækifæri til að nýta eigin styrkleika og nær þannig að blómstra í starfi.

Einkunnarorð Rauðhóls eru þau gildi sem við stöndum fyrir og eru grunnurinn að daglegu starfi okkar. Þegar einkunnarorð Rauðhóls voru valin var horft til tveggja þátta, þ.e. sjálfsmyndar og félagsfærni barnanna. Einkunnarorð Rauðhóls eru vinátta, virðing og vellíðan.

Vinátta

Rík áhersla er lögð á vináttu og náungakærleik í öllu starfi Rauðhóls. Enda mikilvægur þáttur í lífi allra einstaklinga – barna jafnt sem fullorðinna. Það skiptir miklu máli að fullorðna fólk sé vakandi fyrir þeim vináttusamböndum sem börnin stofna til í fyrsta sinn.

Virðing

Sjálfsvirðing er mikilvæg hverjum einstaklingi ásamt því að bera virðingu fyrir öðrum. Í Rauðhól er lögð áhersla á virðingu í sinni víðustu mynd þ.e fyrir sjálfum sér, öðrum einstaklingum, umhverfinu og umhverfisvernd.

Vellíðan

Vinátta og virðing fyrir sjálfum sér og öðrum leiðir til vellíðanar. Ef einstaklingum líður vel eiga þeir auðveldara með að gefa af sér. Líkamlegt hreysti og heilbrigði er einnig stór þáttur í vellíðan einstaklinga. Því er meðal annars boðið upp á mikla útiveru ásamt hollum og næringarríkum mat í Rauðhól.



Hugmyndafræði og sýn leikskólans

Þeir kennismiðir sem helst er litið til þegar kemur að hugmyndafræði og uppeldislegri sýn leikskólans eru Vygotsky, Dewey, Pratt og Csiksentmihalyi.

Hér á eftir verða þessi fræði tengd við starfið í Rauðhól ásamt vísan í fyrrgreinda fræðimenn.




Leikurinn

„Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Leikurinn skipar stóran sess í leikskólastarfinu í Rauðhól og samræmist kenningum Vygotsky og annarra fræðimanna. Til að mynda leggur Vygotsky áherslu á félagslegan leik í námi barna. Leikurinn skapar tækifæri til lærdóms og þroska (Farr, 2014). Gengið er út frá því í skipulagi starfsins í Rauðhól að leikurinn sé eitt mikilvægasta tjáningarform barna. Leikurinn felur í sér sköpun þar sem börnin koma fram á eigin forsendum, opna sig og takast á í samskiptum. Í öllu skipulagi leikskólans er lögð áhersla á að leikurinn fái notið sín sem best í leikskólanum; því er honum gefinn mikill tími og rými.

Í starfi Rauðhóls er notast við opinn efnivið eins og kubba, leir, vatn, sand, málningu, liti, skæri o.fl. Opinn efniviður býður ekki upp á fyrirfram ákveðnar lausnir heldur krefst hann hugmyndaflugs og sköpunar hjá börnunum. Þessi efniviður er talinn vera góð viðbót við leikföng sem börnin eiga heima hjá sér.





Einingakubbar

"Education is not
preparation for life;
education is life itself"
- John Dewey

„Efniviður leikskóla á að vera marg-
breytilegur og höfða til ólíkra barna
á ólíkum aldri. Leikefni þarf að vera
hvetjandi og höfða til mismunandi
skynjunar og örva börnin til rannsókna
og kannana“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Frá stofnun leikskólans hefur verið sótt í uppeldiskenningar Dewey og starfsaðferðir Pratt. Fram kemur í skýrslu sem unnin var af [RannUng](#) að John Dewey hafi verið bandarískur heimspekingur og menntafrömuður. Caroline Pratt var bandarískur uppeldisfræðingur og barnakennari í New York kringum aldamótin 1900. Pratt stofnaði leik- og grunnskóla árið 1914 sem er enn starfandi. Hún hannaði leikefni fyrir skólann, m.a. einingakubba og stóra holukubba. Kubbarnir eru úr gegnheilum hlyni, misstórir og eru stærðirnar (lengd, breidd og þykkt) í ákveðnum hlutföllum innbyrðis. Hugmyndafræðina á bak við vinnuna með þá sótti Pratt í smiðju John Dewey sem taldi líkt og hún



sjálf að lærdómur væri árangursríkastur ef barnið réði sjálf t ferðinni (e. learning by doing) og umhverfið væri sniðið að þörfum barnsins. Pratt sóttist eftir því að hafa einingakubba svo sveigjanlega að þeir aðlagist leik barnanna á auðveldan hátt og einfaldleiki þeirra býður upp á mörg tækifæri fyrir börnin til að endurskapa og tjá reynslu sína. Dewey taldi að börn læri best við félagslegar athafnir. Hann bar því við að í skapandi starfi þurfi áhugi, frumkvæði og forvitni að koma frá barninu sjálfu. Hann lagði einnig áherslu á að börnum sé ögrað með krefjandi verkefnum. Pratt taldi að löngun barna til að læra væri meðfædd og að þau lærðu í gegnum leik (RannUng, 2010).



Flæði

„Á hverju skólastigi er stefnt að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfháttum til að koma til móts við mismunandi námsparfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

„Sjálfsþing byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.“

(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).

Mihaly Csikszentmihalyi setti fram hugmyndafræði um flæði og bjó hugtakið til. Mihaly er ungværskur sálfræðiprófessor en hann lærði í Bandaríkjunum. Kenningar hans eru flokkaðar sem samskiptakenningar og er hann sérfræðingur í sköpunargleði, hamingju og jákvæðri sálfræði.


Samkvæmt kenningum Mihaly er flæði þær stundir þegar við njótum okkar best. Einstaklingurinn er svo niðursokkinn í athöfn að ekkert annað kemst að, verkefnið á hug hans allan og hann gleymir jafnvel stund og stað. Hlutirnir virðast gerast án áreynslu og hæfileikar hans eru fullnýttir. Reynslan sem einstaklingurinn öðlast í þessu ferli er svo gefandi að hann leggur töluvert á sig til að upplifa hana aftur.

Hægt er að skapa aðstæður eða ástand þar sem líklegra er að einstaklingur geti upplifað flæði, en þá má verkefnið sem hann tekur sér fyrir hendur hvorki vera of létt né of erfitt. Þannig viðheldur það áhuga hans (Csikszentmihalyi, 1990).

Í starfsumhverfi Rauðhóls er lögð áhersla á að hafa sveigjanleika í skipulaginu þar sem börnin hafa val um það sem þau gera hverju sinni án mikillar truflunar frá kennara. Með því skapast tækifæri fyrir börnin að efla sitt áhugasvið. Við þær aðstæður komast börnin í flæði. Nánar má lesa um flæði á heimasíðu Leyndarmáls Rauðhólsgleðinnar.



Flæði






Uppeldi sem virkar

„Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



Okkar markmið eru að bæði börn og fullorðnir séu sátt við þau samskipti sem þau eiga í leikskólanum. Því er stuðst við og unnið eftir hugmyndafræðinni *Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar* sem er byggð á Uppeldisbókinni eftir Edward R. Christophersen og Susan L. Mortweet. Þar er áhersla lögð á jákvæðan aga í uppeldi með skýrum skilaboðum, ákveðnum mörkum, virkri hlustun og mikilvægi fyrirmynda. Þessi aðferð kemur í veg fyrir hegðunarerfiðleika og hjálpar börnum að þróa með sér öryggi ásamt því að kenna þeim leiðir til að róa sig sjálf og efla eigið sjálfstæði og jákvæðni.

Hegðun er ekki meðfædd heldur lærist hún. Því er áhersla lögð á í Rauðhól að veita jákvæðri hegðun athygli og hunska þá neikvæðu. Sem dæmi má nefna að notast er við setningar eins og við göngum inni í stað þess að segja ekki hlaupa inni. Ef barn missir stjórn á skapi sínu getur þurft að taka það úr aðstæðum. Með því er verið að hunska neikvæða hegðun barnsins en ekki barnið sjálft. Þannig gefst barninu tækifæri til að jafna sig, barninu sjálfu er hlíf og öðrum börnum. Lesa má meira um *Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar* á síðu [heilsugæslunnar](#).



Sérsvið Rauðhóls


„Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að virðingu barna fyrir náttúru og umhverfi sínu. Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og útiveru.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



Rauðhóll er staðsettur í Norðlingaholtinu og er í nálægð við Rauðavatn, Elliðaárdal, Heiðmörk og Rauðhóla. Nærumhverfi skólans býður upp á fjölbreytta möguleika til skapandi og skemmtilegs útináms fyrir börn og starfsfólk. Útinám er stór hluti af menningu Rauðhóls ásamt almennri umhyggju fyrir náttúrunni okkar. Björnslundur skipar stóran sess í starfi leikskólans ásamt einingakubbum og skapandi starfi. Mikilvægt er að umhverfið jafnt inni sem úti sé vel útfært og oft er talað um það sem þriðja kennarann, en í uppeldisfræðum er talað um þrjá kennara; barnið sjálft, kennarann og umhverfið.





Börnin segja kennara verða að kunna að:

- Passa að enginn geri of háar byggingar.
- Hugga börn ef þau eru að gráta og þeim líður illa.
- Rétta manni málninguna.

Björnslundur



„Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Björnslundur er skógarlundur sem er náttúrulegt útivistarsvæði sem þjónar íbúum hverfisins, Norðlingaskóla og leikskólanum Rauðhól. Hann er í lundi Björns Ófeigssonar kaupmanns sem nefndi lundinn Grenilund og reisti vandaðan bústað og gróðursetti plöntur þar í kringum 1940.

Skógarhúsið opnaði 14. apríl 2009. Þar dvelja að jafnaði 24 börn í senn. Skógarhúsið er ekki ólíkt sumarbústað og þar er allur búnaður sem þarf fyrir útinám og daglegt starf í leikskólanum. Í Björnslundu eru engar girðingar og börnin læra hvar þau mega vera í frjálsum leik. Þegar bjallan hringir hlaupa börnin að húsinu og hlýða á skilaboð. Hver deild á Ævintýrum er í Björnslundu viku í senn en börnin á Litum fara þangað í heimsóknir til að kynnast umhverfinu.

Í Björnslundu eru börnin í öðru umhverfi og hafa annað hlutverk en á deildum. Börnin njóta sín í frjálsum leik í skóginum, fara á gönguskíði, elda úti, rækta, klifra í trjám, drullumalla, mála og tálga svo dæmi séu tekin. Með því að klifra í trjám og ganga á mismunandi undirlagi sem er í óspilltri náttúru efla börnin eigið jafnvægi. Með því að gefa börnum tækifæri til að tálga er ýtt undir einbeitingu, aga og úthald þeirra. Börnin taka þátt í daglegum verkum í skógarhúsinu, sækja hádegismat á Litina ásamt kennara og brjóta saman þvott.



Björnslundur



Vísindi

Mörg ævintýri eiga sér stað í Björnslundu þar sem lögð eru inn árstíðabundin verkefni sem börnin taka þátt í að þróa. Þar má nefna verkefni um fugla, árstíðirnar, lífríkið í skóginum og ýmis verkefni tengd plöntum og ræktun. Þá hefur verið lögð áhersla á að börn og kennarar gangi af virðingu og nærgætni um náttúruna.

Börn og kennarar blómstra oft á annan hátt í Björnslundu. Börnin gleyma sér í sjálfsprottnum leik og styrkjast félagslega. Þar eru þau umvafin náttúrulegu umhverfi sem er fjölbreytt, raunverulegt og áþreifyanlegt.

Upplifun í skóginum býður upp á þátttöku, reynslu, slökun og ýtir undir skapandi hugsun. Umhverfi skógarins virkjar börnin til að þróa leik sinn með því að nýta ímyndunaraflíð og eru þau náttúrulegu fyrirbæri sem þar finnast ýmist kveikja að leiknum eða hluti af honum. Leikur í skóginum er hvatning fyrir félagslegu hlið barnanna, vinasambönd myndast eða styrkjast því þar skapast tækifæri til samskipta og tjáskipta en einnig er samvinna nauðsynleg til þess að ná settu marki og oftast er minna um óþarfa árekstra þar sem meira rými og frelsi er til athafna.



Einingakubbar

„Mikilvægt er að börn geti notað leikefni á fjölbreyttan hátt og byggt á reynslu sinn. Rými og efniviður þarf að vekja forvitni barna og ýta undir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu þannig að hugmyndir þeirra njóti sín.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



Viðindi

Allt frá upphafi skólans hafa einingakubbar verið ein af aðaláherslum í leikefni barnanna. Einingakubbar eru aðgengilegir á öllum deildum skólans. Færri kubbar og einfaldari form eru á yngstu deildunum en svo fjölgar kubbum og formum eftir því sem börnin eldast. Í einingakubbum er gott tækifæri fyrir börnin að vera í flæði þar sem leikurinn fær að vera á þeirra forsendum. Börnin hafa tækifæri til að þróa sína byggingu alla vikuna og jafnvel lengur ef svo ber undir og þurfa því ekki að ganga frá þeim dags daglega.

Boðið er upp á sýnilegan aukaefnivið með kubbum á deildum leikskólans eftir getu og hæfni barnanna hverju sinni. Sem dæmi má nefna steina, pappír, límband, skriffæri og liti, tappa, skeljar, teppaafganga, garn, ýmis ílát, mjólkurfurnur og köngla – hugmyndaflugi kennara og barna er leyft að fara á flug.

Sköpun






Skapandi starf

„Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna, skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Gera skal barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

„Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar.“

(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).



Sjálfefing

Í aðalnámskrá leikskóla er fjallað um námssvið sem leikskólum ber að vinna eftir og er sköpun eitt af þeim sviðum. Markmið með skapandi starfi í Rauðhól er að styrkja gagnrýna hugsun barnanna þar sem sköpunargleði barnsins getur notið sín í leiknum sem er mikilvæg námsaðferð og opnar nýjar víddir fyrir það. Í Rauðhól er unnið markvisst að því að efla sköpun í námi og leik barnanna.

Sjálfbærni

Ýmsar leiðir eru nýttar til að koma sköpun barnanna á framfæri. Má þar nefna náttúruna, allan líkamann og mismunandi efnivið. Rík áhersla er lögð á að efniviður fyrir börnin sé opinn og aðgengilegur óháð kyni og aldri þeirra. Einnig er lögð áhersla á að sköpunarferlið sjálft sé jafnmikilvægt og afrakstur verksins. Með því er ýtt undir að börnin geti nýtt eigin sköpunarkraft og hugmyndir í verkefnavinnu og leik.

Lýðræði

Kennarinn spyr börnin opinna spurninga og útvegar þeim efnivið. Hann er til staðar fyrir börnin og styður við hugmyndir þeirra og hjálpar þeim að dýpka sig í því viðfangsefni sem þau velja sér. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðun til þess að styrkja hvern einstakling á þeim sviðum sem þörf er á.





Grunnþættir menntunar

Við gerð skólanámskrár Rauðhóls var aðalnámskrá leikskóla höfð að leiðarljósi en hún var gefin út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu 2011. Aðalnámskráin er reist á sex grunnþáttum menntunar en það eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, læri að bjarga sér í samfélaginu og að vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu

og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa. Hugmyndir að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þá þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér. Námsvið geta verið sérhæfing í viðfangsefnum skólastarfs þvert á námsgreinar og skólastig (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi

„Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

„Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogaþæfni.“

(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).

Rauðhóll er vinaleikskóli og einkunnarorð hans eru vinátta, virðing og vellíðan. Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi eru hugtök sem mikil áhersla er lögð á í Rauðhól. Áhersla er lögð á að börn læri til lýðræðis með því að vera í lýðræði. Þau hafa áhrif á daginn sinn og læra að bera virðingu fyrir vali hvers og eins ásamt áhugasviði, styrkleikum og sérkennum einstaklinga. Þau læra að á sama tíma og réttur þeirra skiptir miklu máli má ekki brjóta á réttindum annarra til þess að fá sínu fram.

Áhersla er lögð á jafnan hlut kynjanna í leikskólanum sem gerir það að verkum að börnin venjast því að bæði kyn kenni þeim og sinni í skólastarfinu. Rík áhersla er lögð á að allir


einstaklingar; konur, karlar, drengir og stúlkur njóti jafnréttis í leikskólanum. Einn af aðaláhersluþáttum í starfi Rauðhóls er að komið sé fram við alla, börn jafnt sem fullorðna, af virðingu og á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Einnig er lögð áhersla á að hver og einn starfsmaður fái tækifæri til að virkja sitt áhugasvið sem leiðir af sér að börn og fullorðnir njóta þess mannaúts sem er í leikskólanum.

Þegar nemendur útskrifast úr Rauðhól er meira lagt upp úr því að þeir hafi öðlast félagslega færni og dýpkað áhugasvið sitt frekar en að þeir kunni allir sama hlutinn eins og t.d. að skrifa fullt nafn.





Námssvið Rauðhóls



„Við skipulagningu leikskólastarfs skal jafnframt taka mið af leiðarljósum leikskóla, grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla. Námssvið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námssvið leikskólans eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskóla og taka mið af sex grunnþáttum menntunar. Þau byggja á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Faglegt starf Rauðhóls byggir á því að leikskólinn er lærdómssamfélag þar sem allir læra saman og hver af öðrum, börn jafnt sem fullorðnir. Litið er á barnið sem virkan þátttakanda (Menntastefna Reykjavíkurborgar, til 2019) í að hafa áhrif á daginn sinn. Kennarar hafa mikil áhrif á nám barna og þess vegna er mikilvægt að skapa sér námsumhverfi þar sem öllum börnum er mætt á þeirra forsendum. Þannig er þeim gefið tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám sem eykur gleði og sjálfstæði þeirra og styrkir sjálfmyndina. Hér á eftir verður farið nánar í námssvið Rauðhóls og hvernig þau eru útfærð.



Læsi og samskipti

„Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).


„Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu.“

(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).

„Samtöl og samskipti við börn í leik út frá áhugasviði þeirra og reynslu eru líklegri til að ýta undir tjáningu þeirra og frásagnargleði en samtöl við barnahópa í skipulögðu starfi sem stýrt er af kennara.“

(Lesið í leik, læsisstefna leikskóla, 2013).





Markmiðið er að leggja áherslu á læsi í sinni víðustu mynd í Rauðhól. Notaðar eru fjölbreyttar leiðir til að vinna að því markmiði. Bækur eru alltaf aðgengilegar á öllum deildum og fá börnin tækifæri til að skoða þær hvenær sem er. Áhersla er lögð á að lesa fyrir börnin, segja þeim sögur, ævintýri og fara með ljóð og þulur. Skrifaðar eru sögur, búin til leikhús og þannig fær ímyndunarafli barnanna að njóta sín í læsisumhverfi. Í gegnum sögur, söngva, þulur og leikrit fer fram nám í læsi. Ritmál er sýnilegt á öllum deildum en með því vaknar áhugi barnanna á bókstöfum, tölustöfum og rituðum texta. Í leik forma börnin stafi sína og orð úr hinum ýmsa efnivið.

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar og líðan. Börn nota

ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Með samræðum í leik fer fram nám í læsi. Þar orða börnin upplifanir sínar og reynslu í leiknum ásamt því að setja orð á athafnir og hluti. Börnin spyrja og eru spurð spurninga ásamt því að skiptast á skoðunum og hugmyndum. Jákvæð og uppbyggileg samskipti ýta undir læsi í samskiptum við aðra.

Starfsfólk hefur í huga mikilvægi þess að skapa rólegt umhverfi með því að skipta barnahópnum upp í smærri hópa. Með því skapast betri hlustunarskilyrði til þess að vinna með málþroska og læsi barna.



Hvað þýðir að vera vinur?

- „Að leika saman“
- „Að hlæja saman og segja sögur“
- „Leyfa öllum að leika með dúkkudótið“



Heilbrigði og vellíðan

Markmiðið í Rauðhól er að efla andlega, líkamlega og félagslega vellíðan einstaklinga ásamt því að styrkja börnin í samskiptum, uppbyggingu sjálfsmyndar og streitustjórnun. Leitast er eftir því að fara fjölbreyttar leiðir til að ná þeim

markmiðum. Má þar nefna að stuðlað er að fjölbreyttri hreyfingu, hollu mataræði, hvíld, hreinlæti og eflingu fín- og grófhreyfinga í gegnum leik. Okkar sýn er að hreyfing og vellíðan hafi jákvæð áhrif á samskipti barna.

„Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

„Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.“

(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).



Heilbrigði og vellíðan

Matartímar

„Í matstofunni er unnið með tengsl milli þátta eins og; heilsu, bragðs, fagurfræði, valdeflingar, samskipta og ánægju af því að snæða með skólafélögum. Matstofunni er ætlað að stuðla að vellíðan í fallegu og notalegu umhverfi“

(Guðrún Alda Harðardóttir, 2015).



Heilbrigði

Mannréttindi

Félagssérni

Í Rauðhól er lögð áhersla á hollan og fjölbreyttan mat sem er eldaður frá grunni. Í báðum húsum eru matartímar í þróun og endurskoðun. Sú breyting sem er í framkvæmd á Litum er að börnin eiga ekki föst sæti heldur ráða þau hvar þau sitja innan sinnar deildar. Í byrjun maí 2019 var matstofa opnuð á Ævintýrum. Í undirbúningi á þeirri vinnu var leitað í rannsóknir ásamt því að kynna sér starfsemi annarra sambærilegra matstofa. Fram kemur í danskri rannsókn að fimm ára börn telja góða máltíð vera að borða með vinum sem þau velja sjálf, að þau fái góðan tíma til að borða og spjalla saman (Guðrún Alda Harðardóttir, 2015). Þannig verður einnig meira samræmi milli matartíma og hugmyndafræði leikskólans um flæði. Börnin eru í leik inn á sínum deildum meðan á matartímum stendur og fara fram í matstofu nokkur í einu þegar þeim hentar, innan ákveðins tímaramma.

Nokkur börn af öllum deildum eru samtímis í matstofunni meðan matartímar standa yfir. Þau hafa val um að sitja þar sem þau vilja og jafnvel með vinum af öðrum deildum. Maturinn er á hlaðborði og börnin skammta sér sjálf og er þeim leiðbeint með að fá sér lítið í einu en koma frekar aftur. Þau eru hvött til að smakka mismunandi fæðutegundir en tillit er tekið til þess að matarsmekkur þeirra er misjafn.

Með þessu fyrirkomulagi í matstofu ýtum við undir jákvæða upplifun barnanna á matmálstímum. Einnig efla börnin finhreyfingar, samhæfingu og valdeflingu. Með valdeflingu eru einstaklingar meðvitaðri um hæfni sína og rétt til að bregðast við og hafa áhrif á aðstæður sem þeir eru í og öðlast með því meiri trú á eigin getu (Guðrún Alda Harðardóttir, 2015).

Sjálfeiting





Heilbrigði og vellíðan

Hvöld

„Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Eins og segir í 31. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á hvöld sem hæfir aldri þeirra. Svefn er mjög mikilvægur börnum á leikskólaaldri. Á meðan þau sofa endurnærir líkami þeirra og taugakerfið sig ásamt því að líkaminn framleiðir hormón til að þau vaxi og þroskist. Það hefur ekki góð áhrif á börn að sofa of lítið, ekki bara í dag eða á morgun heldur fyrir heilsuna seinna meir.

Börn sýna sjálf merki þegar þau eru tilbúin að hætta að sofa á daginn. Þá vilja þau ekki leggja sig eða eru mjög lengi að sofna. Þá gæti þurft að flýta svefntímanum á kvöldin því þau hafa enn þörf fyrir að sofa í 10 til 14 klukkutíma á sólarhring. Mikilvægt er að skapa börnunum góðar svefnvenjur á kvöldin og fara alltaf á sama tíma að sofa, einnig um helgar (Embætti landlæknis, 2019). Þær svefnvenjur sem hægt er að skapa er að takmarka skjátíma, dempa ljós, lesa eða syngja með börnunum. Með því erum við jafnframt farin að efla undirstöðu læsis.

Þar sem hvöld er stór þáttur í líkamlegum og andlegum þroska barna hefur verið mörkuð stefna með svefn- og hvíldartíma barna í Rauðhól. Á Litum leggjast öll börn á dýnur með kotta, teppi og bangsa sem þau koma með að heiman. Það

veitir börnunum öryggi og ró að vera með sitt hvíldardót en með því er tenging við heimili þeirra. Hlustað er á rólega tónlist í hvíldinni en þegar þau eldast hlusta þau á sögur. Svefnþörf þess aldurs er yfirleitt 12 til 14 klukkustundir og þar af ein til fjórar klukkustundir í daglúr (Scansleep, 2019). Í Rauðhól er lögð áhersla á að yngstu börnin fái að sofa þangað til þau vakna sjálf (Manniche, 2019). Ef börn eru látin hætta að sofa á daginn áður en þau hafa til þess þroska er líklegra að þau næli sér í stuttan lúr seinnipartinn sem hefur áhrif á nætursvefninn (Arna Skúladóttir, 2016). Umhyggja skipar stóran sess og mikilvægt er að starfsfólk myndi góð og nán tengsl við börnin í hvíldinni. Ef foreldrar óska eftir styttingu á svefni er farið yfir með þeim hvernig svefnrutína er heima áður en til styttingar kemur.

Á Ævintýrum er meiri fjölbreytileiki í hvíldinni þar sem þau ýmist leggjast á dýnur eða sitja og hlusta á sögur eða eru í rólegum verkefnum. Yngri börnin koma með teppi og kotta að heiman. Svefnþörf barna á þeim aldri er 11 til 12 klukkustundir á sólarhring (Scansleep, 2019). Hér eru þau jafnvel hætt að sofa á daginn en þeim mikilvægt að hvíla sig til að hafa orku til að klára vinnudaginn sinn.





Heilbrigði og vellíðan

Útinám

„Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing getur haft í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn.“


(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Markmiðið í Rauðhól er að hafa ögrandi og krefjandi útivist í mismunandi umhverfi bæði innan leikskólalóðar og utan hennar. Þær leiðir sem farnar eru að þeim markmiðum eru að börnin eru hvött til útivistar en jafnframt hafa þau val um hversu oft á dag þau fara út. Einnig eru gönguferðir og vettvangsferðir hluti af daglegu starfi Rauðhóls því með reglulegri og krefjandi útiveru efla börnin eigin þrautseigju.



Heilbrigði og vellíðan

Ævintýraferðir



„Nærumhverfi leikskóla er margbreytilegt og mismunandi eftir staðsetningu leikskólans. Náttúran býður upp á fjölbreyttan efnivið og margvísleg tækifæri til rannsókna og uppgötvana.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Eins og kemur fram í 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og að tillit sé tekið til þeirra. Á Ævintýrunum hafa börnin val um að fara í svokallaðar Ævintýraferðir. Einn kennari hefur umsjón með Ævintýraferðum og tekur með sér annan kennara og um tólf börn. Börnin hafa oftast eitthvað um það að segja hvert þau vilja fara og hvað þau vilja gera. Í Ævintýraferðum er alltaf farið út fyrir leikskólalóðina og í raun er bara einn fastur punktur í ferðunum en það er að setjast niður um miðbik ferðarinnar og fá sér heitt kakó og nesti. Síðan ráða börnin að miklu leyti ferðinni.

Markmið Ævintýraferða er að vekja áhuga og virðingu barnanna fyrir nærumhverfinu. Áhersla er lögð á jákvæða upplifun, efla félagslega færni ásamt því að unnið er á jafnréttisgrundvelli. Ýmsar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum. Þar má nefna að þau upplifi nálægð við náttúruna í öllum árstíðum ásamt því að takast á við hin ýmsu veðurafbrigði. Áhersla er lögð á virkni barnanna og að þau læri með því að gera. Börnin sækja mikið í nálæg skógarsvæði sem þau hafa nefnt mörgum spennandi nöfnum

eins og Nornaskógur, Risaeðluskógur og Rauðavatnsskógur. Aðrir áfangastaðir eru Rauðavatn, Heiðmörk, hesthúsin, snjóbrekkan eða aðrir spennandi staðir. Ávallt er lagt upp með að finna góðan stað til þess að leika sér á.

Í ferðunum er lesið á götuskilti, spáð í umferðarreglur, hlustað eftir fuglum og kíkt eftir ferfætlingum. Hér er tekist á við verkefni sem krefjast kjarks, þors og áræðni eins og að vaða í Rauðavatni, klifra í trjám, brjóta klaka, eltingaleiki og feluleiki. Í þessum ferðum er lögð áhersla á frjálssræði barnanna þar sem þau virkja sitt áhugasvið og komast með því í flæði. Má þar nefna að einhverjir gætu verið að leika í trjám meðan aðrir eru í stafabingói eða leysa verkefni sem kennarinn leggur fyrir.

Börnin ráða ferðinni og markmiðið er að hafa gaman og gleyma sér í gleðinni. Þegar ferðinni er lokið sest kennari niður í samveru með öllum börnum deildarinnar, einnig þeim börnum sem ekki fóru með. Kennarinn sýnir þeim myndir af ævintýrum dagsins í spjaldtölvunni og börnin segja frá upplifun sinni.

Lýðræði

Sjálfbærni

Sköpun

Læsi





Heilbrigði og vellíðan

Jóga

„Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



Öllum börnum í Rauðhól gefst kostur á að fara í jóga einu sinni í viku. Með því er stuðlað að tilfinningalegu jafnvægi, líkamlegum styrk og hugarró barnanna. Jógaíðkun eykur einnig lífsleikni og hjálpar börnunum að finna fyrir jafnvægi í lífinu, trausti, öryggiskennd og umburðarlyndi í lífi og starfi utan og innan skólans.

Í jóga er unnið með allar hreyfingar sem nauðsynlegar eru með það að markmiði að efla líkamlegt heilbrigði ásamt öndun og íhugunaræfingum. Tímarnir eru settir upp sem

sögur og ævintýri þar sem börnin taka þátt í að skapa söguna með vali á stöðum sem eru flestar nefndar eftir dýrum. Þróun verður á jóga tímunum eftir því sem börnin eldast. Þá er áhersla lögð á hugrekki, kjark og þor. Stuðlað er að því að börnin fari út fyrir þægindarammann til að bæta sjálfstæði, sjálfstraust og að líða vel með sig, sitt val og ákvarðanir. Einnig er farið í liti og tölur og margt fleira. Mikil áhersla er einnig lögð á að efla athygli barnanna á umhverfi sínu. Jógaíðkun er gott veganesti inn í framtíðina og skapar friðsæld og ró í notalegu umhverfi.



Heilbrigði og vellíðan

Hreyfistund

„Í skóla, sem leggur áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi, er lagður grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



Sjálfsefning

Börn eru sífellt á hreyfingu og því gefst öllum börnum á Ævintýrum kostur á að fara í skipulagða hreyfistund einu sinni í viku. Öll hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan og eru börnin fljót að tjá sig með hreyfingum. Hreyfing hefur líka áhrif á snerpu og þol ásamt því að barnið styrkir sjálfstraust og getu.

Markmið hreyfistunda er að börnin reyni á eigin líkama, fái útrás ásamt því að æfa samhæfingu, jafnvægi og öryggi. Farið er í hreyfileiki þar sem börnin læra að meta aðstæður, fara eftir fyrirmælum, að velja, hafna og þora. Einnig læra þau samvinnu og einbeitingu. Þó að æfingarnar geti verið erfiðar læra þau að gefast ekki upp og þjálfra með því eigin þrautseigju.

Félagsferni



Sjálfbærni og vísindi

„Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélag, mismunandi náttúrufyrirbæri, vísindi og tækni.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



Læsi

Í starfi Rauðhóls er áhersla lögð á umhverfismennt þar sem markmiðið er að börnunum er kennt að tileinka sér virðingu og nærgætni fyrir náttúrunni. Það er gert með því að kenna börnunum að við göngum vel um umhverfið okkar, flokkum rusl og sýnum umhyggju fyrir öllum fyrirbærum í náttúrunni. Skoðaðar eru ýmsar birtingarmyndir hennar, fylgst er með hringrás náttúrunnar ásamt því að nýta auðlindir hennar í leik og skapandi starfi. Börnin kynnast fjölbreytilegum lífverum í umhverfinu og skoða lífshætti þeirra. Einnig kynnast þau margvíslegum vísindalegum viðfangsefnum s.s. mælingar, eiginleika ljóss og skugga, mismunandi form og einnig stærðfræðileg viðfangsefni, tölur, tákni og mynstur.







Menning – samstarf við nærumhverfi

„Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

„Með því að byggja á menningararfi samfélagsins og árangri á margvíslegum sviðum vísinda, fræða, lista, íþróttar, jafnréttis og forvarna er skapaður frjór jarðvegur fyrir framúrskarandi menntun í skóla- og frístundastarfi.“

(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).



Menning- samstarf við nærumhverfið

Í Rauðhól er haldið í íslenskar hefðir og nýjar hafa skapast í anda Rauðhóls sem einkennist af stemningu og gleði. Á þorranum í tengslum við bóndadag bjóða börnin körlum í sínu lífi í bóndakaffi. Boðið er upp á morgunmat með þorraívaði og karlarnir eru velkomnir inn á deildir barna sinna. Á sama hátt bjóða börnin konum í sínu lífi í morgunkaffi í tengslum við konudaginn. Haldið er upp á bollu- og sprengidag með tilheyrandi matarhefðum. Á öskudegi koma börnin í búningum, kötturinn er sleginn úr tunnunni og haldið er öskudagsball.

Afmæli leikskólans er haldið hátíðlegt þann 1. mars ár hvert. Öll börn leikskólans hittast í einni af starfsstöðvum skólans þar sem boðið er upp á söng og skemmtiatriði.

Starfsfólk er duglegt að fara með börnin í styttri og lengri vettvangsferðir og á söfn. Má þar nefna sögustundir í Ársafni og Húsdýragarðinn. Einnig er vinsælt að fara í vinnustaðaheimsóknir til foreldra, en við hvetjum foreldra til að láta okkur vita ef þeir sjá sér fært að taka á móti deild barnsins þeirra.

Þegar fótboltalandsleikir eru hefur myndast stemning fyrir að mæta í einhverju bláu og halda fótbolta hátíð. Eurovision skipar oft stóran sess og börnin eru áhugasöm að læra og syngja vinsælustu lögin í tengslum við söngvakeppnina.

Á hverju vori stendur næstelsta árgangi til boða að fara í sveitaferð í samvinnu við foreldrafélag Rauðhóls. Farið hefur verið á Bjarteyjarsand í Hvalfirði í miðri viku og eru foreldrar hvattir til að fara með börnum sínum. Haldin er sumarhátíð í

garði Ævintýra á móti sveitaferðinni annað hvert ár þar sem foreldrafélagið býður upp á skemmtun og grillar pylsur.

17. júní hátíð er haldin í tengslum við þjóðhátíðardaginn. Þá fara öll börnin í skrúðgöngu um hverfið undir tónlist og endað er í grillveislu í garðinum á Litum.

Á hrekkjavöku í október mega börnin á Ævintýrum koma í búningum og haldið er hrekkjavökuball. Alþjóðlegur bangsardagur er þann 27. október en þá mega börnin koma með bangsa í leikskólann.

Í byrjun desember eru jólasmiðjur á Litum og Ævintýrum þar sem boðið er upp á nokkrar stöðvar sem börnin fara á milli. Má þar nefna piparkökumálun, smákökubakstur, jólaföndur, skera út laufabrauð, mála köngla og kaffihús. Foreldrafélagið stendur fyrir jólatrésleit í Björnslandi um mánaðamótin nóvember/desember um helgi. Þar koma jólasveinar og hjálpa börnunum að finna tvö tré sem sett eru upp síðar í matsal Lita og Ævintýra. Í Björnslandi er boðið upp á kakó og piparkökur. Um miðjan desember er jólaball á Litum og Ævintýrum þar sem jólasveinninn kemur og hittir börnin. Hefð er fyrir því að börnin komi með smákökur að heiman þann dag. Einnig fara elstu börnin í Árbæjarsafnið á aðventunni.


Í Rauðhól grípum við tækifærin og nýtum nýjar hugmyndir frá börnum, foreldrum og kennurum til að brjóta upp starfið og búa til gleði.

Sérkennsla

„Barn með sérþarfir er barn sem taka verður sérstakt tillit til í leikskólanum. Það getur verið vegna fötlunar, þroskafrávika eða félagslegra og tilfinningalegra erfiðleika. Sérhvert barn þarf að fá viðfangsefni við sitt hæfi. Ætíð skal gæta þess að jafnvægi og jafnrétti ríki í barnahópnum og í samskiptum barnanna. Miða skal leiðsögn og stuðning við þarfir barnsins og vinna í nánun samstarfi við foreldra. Stefnit skal að því að þörfum barns fyrir stuðning sé mætt innan barnahópsins, þess sé gætt að barnið einangrist ekki og aðlagist vel barnahópnum, njóti eðlilegra tengsla og að leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið barnsins.“

(Sérkennslustefna leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, 2009).

Áhersla er lögð á að það barn sem þarfnast sérkennslu fái hana sem mest innan barnahópsins í daglegu starfi. Þar er barnið eitt af börnunum á deildinni og allir kennarar bera jafna ábyrgð á því. Barnið lærir best í gegnum leik og því mikilvægt að það fái örvun innan hópsins með áherslu á að efla félagsfærni þess. Í gegnum árin hefur því verið veitt athygli að börn sem þarfnast stuðnings blómstra í Björnslandi. Þar virðast þau sýna meira frumkvæði og eiga auðveldara í félagslegum samskiptum. Þar er oft friðsælla, meira rými til leikja og oftast eru börnin í minni hópum. Hið náttúrulega umhverfi vekur forvitni þeirra, þar sem þau eru endalaust að brasa í einhverju og endast lengur í leik (Edda Lydía Þorsteinsdóttir, 2018). Þessar starfsaðferðir hafa leitt af sér að leikskólinn hefur laðað að sér hæfileikaríkt starfsfólk til að halda utan um þetta starf.






Mannréttindi

Stuðningsaðilar sjá um gerð einstaklingsnámskrár í samvinnu við sérkennslustjóra. Einstaklingsnámskrár eru nýttar sem leiðarvísir í kennslu barnanna og uppfærðar eftir teymisfundum. Teymisfundir með hverju stuðningsbarni eru haldnir á fjögurra til sex vikna fresti. Foreldrar, stuðningsaðilar, sérkennslustjóri, deildarstjóri og sérkennsluráðgjafi þjónustumiðstöðvar eru í hverju teymi. Farið er yfir stöðu barnsins, framfarir og áframhaldandi vinnu. Samráðsfundir með ráðgjöfum þjónustumiðstöðvar eru haldnir tvisvar á ári. Á samráðsfundum koma sálfræðingur, félagsráðgjafi, sérkennsluráðgjafi og hegðunarráðgjafi frá Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og funda með sérkennslustjórum. Sérkennslustjórar eru í samskiptum við Greiningarstöð ríkisins, Æfingastöðina, sjúkrahjálfa, talmeinafræðinga og Barnavernd eins og þurfa þykir. Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts býður sérkennslustjórum í hverfunum á fund tvisvar á ári. Sérkennslustjórar funda með deildarstjórum á haustönn og vorönn. Fræðsla og ráðgjöf fer fram á fundum og einnig í daglegum samskiptum við starfsfólk. Lagt er upp úr því að starfsfólk hafi greiðan aðgang að sérkennslustjórum til að sækja ráðgjöf og stuðning.

Gróði er fyrir börn, foreldra og starfsmenn að læra í frumbersku að við erum ólík og bregðumst mismunandi við aðstæðum. Einstaklingar þurfa að æfa ólíka þætti í lífinu en það skiptir miklu máli að bera virðingu hvert fyrir öðru og því hve fjölbreytt við erum.



Samstarf við foreldra



„Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

„Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi við foreldra og vinnur að þróun leiða sem taka mið af ólíkum þörfum, menningu og reynslu barna og foreldra.“

(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).



Samstarf við foreldra

Heimaviðtal er fyrsta viðtal leikskólans við foreldra nýrra barna

Lögð er áhersla á að foreldrar séu sérfræðingar hvað þeirra barn varðar

Samskipti

Lykillinn að vellíðan barna í leikskólanum er farsælt og gott samstarf milli kennara og foreldra. Grunnurinn að þessu samstarfi er lagður með heimsókn til barnanna. Áður en barnið byrjar í leikskólanum fara tveir kennarar saman til að kynnst því og fjölskyldunni á þeirra heimavelli. Með því teljum við að við myndum dýpri og betri tengsl við barnið og foreldrana. Í þessari heimsókn er farið með pappíra til útfyllingar sem eru skildir eftir hjá foreldrum og þeim er skilað í upphafi aðlögunar. Þarna eru meðal annars almennar upplýsingar um barnið, samþykki fyrir myndbirtingum af barninu og samþykki fyrir samstarfi milli leikskóla og heilsugæslu. Einnig er aðlögunaráætlun skilin eftir hjá foreldrum.

Í upphafi skólagöngunnar eru foreldrum veittar upplýsingar um að við störfum samkvæmt aðalnámskrá leikskóla. Út frá aðalnámskránni unnum við okkar eigin námskrá og starfsáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Mannréttindi

Áhersla er lögð á að gefa foreldrum tíma og hlusta vel á hvað þeir hafa fram að færa ásamt því að við veitum þeim ráð oftast en sjaldnar. Mikilvægt er að við berum öll virðingu fyrir stöðu allra foreldra. Eins að foreldrar séu upplýstir um að virðing sé borin fyrir öllum í skólanum og þeirra aðstandendum og mikilvægt sé að þeir geri það einnig.

Lýðræði

Allt upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Að senda glaðlega og innihaldsríka tölvupósta er þar stór þáttur ásamt því að foreldrar fái að skyggjast inn í daglegt líf í skólanum. Það er gert með því að senda myndir frá daglegu starfi. Einnig að tími sé vel nýttur þegar verið er að koma með og sækja börnin með því að segja frá einhverjum skemmtilegum atvikum. Eins þarf að komast að samkomulagi við foreldra um hvernig best fari á því að flytja upplýsingar.

Árgangafundur að hausti eru einnig mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Þar er rætt um áherslur í starfi og helstu viðburði skólaársins. Ef upp kemur óánægja hjá foreldrum varðandi eitthvað sem tengist skólanum eða þeirra barni er mikilvægt að setjast strax niður með þeim og leysa úr málnum og fylgja þeim eftir.



Samstarf skólastiga og frístundar

„Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun er í brennidepli.“


(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

„Fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða, milli starfsstaða og við stofnanir og aðila í samfélaginu stuðlar að þróun menntunar.“

(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).



Samstarf skólastiga og frístundar



Félagsfærni

Samstarf Rauðhóls og Norðlingaskóla hefur þróast jafnt og þétt í gegnum árin og er kominn fastur grunnur í því samstarfi. Samvinna er á milli elsta árgangs leikskólans og yngsta árgangs grunnskólans með það að markmiði að kynna umhverfi grunnskólans fyrir leikskólabörnunum. Innangengt er á milli Ævintýra og Norðlingaskóla og teljum við að það sé ávinningur fyrir börnin. Þau aðlagast betur umhverfi grunnskólans og því verður flutningur á milli skólastiga auðveldari. Samstarfið fer meðal annars fram í smiðjum að vori þar sem fyrsta bekk grunnskólans er boðið yfir í leikskólann og elstu börnin fara í heimsókn í grunnskólann. Í smiðjum eru tekin fyrir ákveðin verkefni eða þemu t.d. um húsdýrin og unnið er á mörgum stöðvum. Sem dæmi má nefna íþróttasal Norðlingaskóla, Björnslund, frístundaheimilið Klapparholt og leik- og kennslustofur Rauðhóls og Norðlingaskóla. Börnunum er skipt upp í smærri hópa og er einn kennari frá hvorum skóla sem halda sameiginlega utan um hvern hóp. Sú hefð hefur skapast að þessir árgangar hittist einn dag í desember og vinni saman verkefni tengd jölunum eins og t.d. að spila, fönðra og fara í gönguferðir.

Sköpun

Nálægð Ævintýra og Norðlingaskóla ýtir undir frekari samvinnu þar sem stutt er að fara á milli. Má þar nefna sýningar á vegum nemenda grunnskólans, nýting á íþróttahúsi, heimsóknir á bókasafn skólans ásamt því að fara út á skólalöð. Einnig koma nemendur af miðstigi í leikskólann og lesa fyrir börnin á degi íslenskrar tungu.

Læsi


Í nokkur ár hefur verið samstarf milli Rauðhóls og unglíngastígs Norðlingaskóla þar sem Leikskólaval hefur verið í boði fyrir 8.-10. bekk. Leikskólinn tekur þá á móti allt að 10 nemendum unglíngastígs í alls 16 tíma yfir önnina og hefur þetta fyrirkomulag gefist vel.

Mannréttindi

Skilafundir eru að vori þar sem deildarstjórar hitta umsjónarkennara, sérkennara og forstöðumann frístundaheimilis og farið er yfir barnahópin. Þær upplýsingar sem fylgja eru niðurstöður úr HLJÓM-2 prófum og farið er yfir helstu styrkleika, vinatengsl og þá þætti sem þarf að vinna sérstaklega með. Kennarar Norðlingaskóla hafa leitað ráða hjá leikskólakennurum og stuðningsaðilum að hausti til þess að geta stutt betur við nemendur í upphafi grunnskólagöngu.



Innra og ytra mat



„Mat á skólstarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Við leikskólann er starfandi matsteymi en það er skipað nokkrum deildarstjórum, kennurum, verkefnastjórum og einu foreldri eða alls átta manns. Teymið fundar reglulega á þriggja til fjögurra vikna fresti og útbýr matslista til að meta innra starf, starfsaðferðir og aðstöðu í skólanum. Þessir listar eru lagðir fram fyrir starfsfólk skólans til útfyllingar. Í framhaldi af þeirri vinnu eru listarnir yfirfarnir og umbótaáætlun útbúin.

Sett hefur verið fram langtíma áætlun við framkvæmd innra mats. Þessi áætlun er byggð á gögnum sem bera nafnið Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólstarfs og má sjá hér að neðan (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2014).



Viðfangsefni**2018-2019****2019-2020****2021-2022****Stjórnun**

Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur			x
Faglegt starf			x
Leikskólaþróun og starfsþróun	x		
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x		

Uppeldis- og menntastarf

Skipulag náms og námsaðstæður	x		
Uppeldi, menntun og starfshættir	x		
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x		
Námssvið leikskólans		x	x
Leikskóli án aðgreiningar		x	
Mat á námi og velferð barna		x	

Mannauður

Hlutverk leikskólakennara			x
Fagmennska starfsfólks - SFS	x		
Starfsánægja - SFS	x		

Leikskólabragur

Viðmót og menning	x		
Velferð og líðan barna	x		x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu og upplýsingamiðlun		x	
Viðhorf foreldra - SFS		x	

Innra mat

Framkvæmd	x		x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x		x
Opinber birting og umbætur	x		x

Börnin segja kennara verða að kunna að:

- Hlæja með börnunum.
- Knúsa börnin.



Mat á þroska og líðan barna

„Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



Deildarstjórar bera ábyrgð á að framkvæmt sé mat á hverri deild fyrir sig á hverju skólaári ásamt því að halda utan um stöðu barnanna. En þegar kemur að mati á börnum er stuðst við íslenska þroskalistann og HLJÓM-2. Íslenski þroskalistinn er fylltur út en með því er gert ítarlegt þroskamat á barni. Kennari sem sótt hefur námskeið sem veitir réttindi til að nota þroskalistann, hefur aðgang að úrvinnslu. HLJÓM-2 er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir fimm ára börn til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund þeirra. Þessi skimun getur greint þau börn sem eru í áhættu hvað varðar lestrarerfiðleika síðar meir.

Einu sinni á ári er boðið upp á foreldrasamtal þar sem farið er yfir líðan og almennan þroska barnsins. Í því samtali er stuðst við sömu viðmið og innan heilsugæslunnar. Einnig gefst foreldrum kostur á að koma með athugasemdir eða óskir. Þess á milli er kallað á foreldra í samtali þegar þurfa þykir og geta foreldrar líka óskað eftir samtali hvenær sem er.

Símat er í gangi allt árið um kring á deildarfundum þar sem farið er yfir stöðu barnanna og er sérkennslustjóri kallaður inn þegar þörf er á.

Útskriftarviðtal fer fram að vori hjá fimm ára börnum ásamt foreldrum. Fyrir viðtalið eru kennari og barn búin að setjast niður og spjalla saman og undirbúa sig fyrir viðtalið. Í viðtalinu er farið yfir hvernig barninu líður í leikskólanum, vinatengsl, hvað því finnst skemmtilegt að gera og hvort eitthvað vanti. Það er hlustað á raddir barnanna í þessum viðtölum og reynt eftir bestu getu að koma til móts við óskir þeirra.

Ytra mat er í höndum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og menntamálaráðuneytis sem markvisst og reglulega gera heildarmat á starfi skólans. Þar á meðal er viðhorfskönnun foreldra.



Ferilmöppur

„Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



„Ferilmöppur eru góð leið til að skrá framfarir barna í leikskólastarfi. Þær geta meðal annars sýnt feril barnsins varðandi ritmálið frá krotstigi yfir í það að draga til stafs og skrifa orð. Þá geta fjölbreyttar skráningar á samskiptum barna og frásögnum þeirra um eigið verkefni gefið sterkar vísbendingar um stöðu þeirra og þroska.“

(Lesið í leik, læsisstefna leikskóla, 2013).

Þegar barn byrjar í leikskólanum fær það ferilmöppu sem fylgir barninu alla skólagönguna. Í ferilmöppurnar eru settar uppeldisfræðilegar skráningar af námi barnsins í leikskólanum ásamt listaverkum, ljósmyndum, ferðum og afmælum svo fátt eitt sé nefnt. Einnig eru settar inn myndir

af börnum og kennurum frá hverri deild fyrir sig. Möppurnar eru hafðar aðgengilegar fyrir börnin þannig að þau geti skoðað þær þegar þau vilja. Þegar þau eldast hafa þau jafnvel skoðanir á því hvað þeim finnst að eigi að fara í möppuna og hlustað er eftir röddum barnanna í þeim efnum.





Börnin segja kennara verða að kunna að:

- Leyfa litlum börnum að leika á Ævintýrunum.
- Segja góðan daginn þegar við erum að koma.
- Segja "sjáumst á morgun" þegar við förum heim og segja bæ.

Mannauður og forystusýn

„Kennarar vinna í samráði við skólastjórnendur að þróun skólanámskrár í samræmi við aðstæður og sérstaka áherslu á hverju skólastigi. Það er á ábyrgð kennara að útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrirmæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá.“

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

„Fagmennska og samstarf er haft í öndvegi þar sem starfsfólk rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti.“

(Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019).

Mannauður og forystusýn

Mikil vinna hefur verið lögð í að móta forystusýn í starfi Rauðhóls undir handleiðslu Dr. Örnú H. Jónsdóttur. Arna er dósent í leikskólafræðum og menntastjórnun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Með þeirri vinnu viljum við tryggja að mannauður sé nýttur á sem bestan hátt þar sem allt starfsfólk öðlist tækifæri til að virkja sitt áhugasvið í starfi og nái með því flæði með börnunum.

Deildarstjórar í leikskólanum Rauðhól leggja áherslu á að vinna faglega og afþekkingu að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við hugmyndafræðilegar áherslur leikskólans. Það krefst þróunar lærdómssamfélags og leiðtogaþæfni að

mannauður sé nýttur og horft sé á styrkleika bæði barna og fullorðinna. Jafnframt er mikil áhersla á samvinnu og uppbyggileg samskipti allra sem að leikskólastarfinu koma; stjórnenda, deildarstjóra, starfsfólks, foreldra og barna. Deildarstjórar eru fyrirmyndir í öllu starfi, lögð er áhersla á gleði, sanngirni og jákvæðni, að áhugasviðum barnanna sé fylgt og bæði börnum og fullorðnum líði vel og þau læri í því námsumhverfi sem skapað er.

Við mótum lærdómssamfélag með þátttöku allra sem koma að leikskólanum og leikskólastarfinu, m.a. barna, starfsfólks og foreldra.

Við stuðlum að mótun lærdómssamfélags með því að:

Efla þekkingu á aðalnámskránni og stefnu leikskólans

Láta í ljós viðhorf og sýn á starfshætti leikskólans

Eiga uppbyggilegar umræður um skólastarfið

Efla sjálfstraust starfsmanna

Læra og sækja þekkingu og hugmyndir til annarra

Vera opin fyrir breytingum


Vera fyrirmynd í starfsháttum



Sameiginleg sýn

Við stofnun skólans var lögð áhersla á að eiga faglega gagnrýna umræðu til að móta skólastarf Rauðhóls. Með því skapaðist sameiginleg sýn og viðhorf til stefnu skólastarfsins sem er í sífellldri þróun og endurskoðun ásamt því að hugmyndafræðin hefur dýpkað. Í upphafi var sameiginleg sýn starfsfólks að vinna samkvæmt hugmyndafræði John Dewey og Caroline Pratt með áherslu á sveigjanlegt skipulag þar sem börnin í Rauðhól hafa val og ákveðið frelsi til að hafa áhrif á daginn sinn. Þannig er stuðlað að aukinni sjálfstjórn barnanna sem leiðir til sterkari, ákveðnari og glaðari einstaklinga.

Þessi sýn á stefnu skólastarfsins hefur haldið áfram að þróast. Með fundum og símenntun þar sem starfið er ígrundað eflist sameiginleg sýn starfsmanna á fræðilega og faglega þætti skólans. Á síðastliðnu skólaári þróaðist þessi umræða út í það að vilji starfsmanna var að dýpka og skilgreina nánar sitt hlutverk í flæði og jákvæðri sálfræði ásamt því að efla frekar notkun á opnum efnivið. Því var ákveðið að innleiða hugmyndafræði Mihaly Csikszentmihalyi sem samræmist stefnu skólans. Einnig var ákveðið að innleiða Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar sem styðst við jákvæða sálfræði. Með því að setja fram skýrari markmið verður starfsfólk öruggara í starfi ásamt því að það getur betur rökstutt á hverju gott skólastarf byggist.



Fyrirmyndir

Sýna jákvæð og lausnamiðuð samskipti við börn, starfsfólk og foreldra

Vanda framkomu og hvernig talað er við aðra

Ganga í öll verk og vera til staðar

Með jákvæðni og virðingu sýnum við fram á að við erum fyrirmyndir í öllu starfi á deildinni og erum meðvituð um það. Að vera þolinmóður, sýna umburðarlyndi og hrósa samstarfsfólki er stór þáttur í að vera fyrirmynd í starfi. Að þora að gagnrýna, viðurkenna eigin mistök og að vera í sífelldri sjálfskoðun á eigin starfshætti og framkomu er lykilþáttur í því að vera fyrirmynd í starfi. Ástríða fyrir starfinu ásamt því að fylgja ákveðinni uppeldissýn og kennsluáferðum er stór þáttur í þessum efnum.

Samskipti

Virðing og virk hlustun

Vera meðvituð um líkamstjáningu

Við leggjum áherslu á að starfsfólk tileinki sér jákvæð samskipti sín á milli, við börnin og ekki síst við foreldra. Mikilvægt er að hafa ávallt í huga hvernig við tölum hvert við annað og börnin. Við erum fyrirmyndir. Hvernig við orðum hluti við aðra eins og til dæmis í nýliðafræðslu getur skipt sköpum í samskiptum. Þegar verið er að leiðbeina nýliðum um starfshætti skólans

og tilgang verkefna er gott að hafa í huga að orða hlutina vel. Má sem dæmi nefna að í stað þess að segja: „Við gerum ekki svona kennaraföndur í þessum leikskóla“, mætti segja: „Væri ekki gaman að leyfa barninu að klippa sjálft“ eða „Mætti prufa að leyfa barninu að klippa sjálft“. Við þurfum að orða hlutina á jákvæðan og faglegan hátt.



Efling leiðtogahæfni

Mikil samvinna og samskipti á milli stjórnenda

Stjórnandi þarf að geta ögrað sjálfum sér og sýna þor til þess

Að hafa fjölbreyttan hóp stjórnenda sem rökræðir og kryfur ólíka sýn á starfið er góður kostur til að efla leiðtogahæfni stjórnendateymis. Stjórnendur leggja áherslu á að styðja hver annan og ná með rökræðum að skapa sameiginlega sýn á starfið. Stjórnandi þarf að geta lagt mat á eigin starfshætti. Það er t.d. hægt að gera með dagbók með eigin hugleiðingum og spurningum. Ef stjórnendur leggja áherslu á að vinna sér

traust samstarfsfólks á deildinni geta þeir miðlað sinni sýn sem leiðtogar. Leiðtogi þarf að geta hlustað á aðra en einnig að stoppa umræður á villigötum. Mikilvægt er að stjórnendur efli sig í starfi og sækji sér símenntun með því að fara á ráðstefnur, sækja fyrirlestra, námskeið og endurmenntun í háskólanum. Einn liður í að styrkja hópinn í leikskólanum er að fleiri en einn sækji sömu námskeið og ráðstefnur.

Styrking faglegrar þekkingar

Tileinka okkur jákvæð viðhorf og orðræðu til þeirra hindrana sem upp koma í starfinu

Skapa tækifæri til faglegrar gagnrýnnar umræðu þvert á deildir

Regluleg endurmenntun

Við þurfum að þora að ganga í erfið mál og þekja krísur sem upp koma í starfinu og ganga í að leysa þær. Mikilvægt er að deila fagfólki jafnt á milli deilda, með því skapast tækifæri fyrir starfsfólk að ígrunda starfið saman. Starfsmenn þurfa að fá tækifæri til að ögra sér í starfi og fá aukna ábyrgð til að viðhalda eigin starfsánægju. Gefa þarf nýliðafræðslu jafnt og þétt rými í starfinu yfir skólaárið ásamt starfsþróunarsamtölum

við leikskólastjóra og deildarstjóra. Stór þáttur í því að auka faglegra þekkingu er að nýta starfsmannafundi vel meðal annars með því að skipta hópnum upp í litla hópa þvert á húsini. Með því að kryfja ákveðin viðfangsefni dýpkum við okkar faglegu þekkingu þar sem við ígrundum og kynnum niðurstöður hópsins fyrir hinum.

Uppbyggilegt og skapandi námsumhverfi

Opinn og skapandi efniviður

Hafa efnivið aðgengilegan og merktan með ljósmynd og texta

Tími og rými fyrir leik inni jafnt sem úti

Mótuð hefur verið stefna fyrir leikskólann Rauðhól um að leggja höfuðáherslu á opinn efnivið í námsumhverfi skólans. Því er lítið um lokaðan efnivið við skólann en hann einskorðast að mestu við púsl og bækur. Lögð er áhersla á að hafa námsumhverfið fallett þar sem efniviður er sýnilegur börnunum og merktur. Með því að hafa efnivið aðgengilegan skapast þær aðstæður fyrir börnin að hafa val um hvað þau vilja gera. Með því að hafa efnivið merktan er stuðlað að betri umgengni og frágangur verður auðveldari. Lögð er áhersla á að námsumhverfi henti hverju aldursskeiði fyrir sig þar sem kennarar bera virðingu fyrir umhverfinu og efniviðnum. Mikilvægt er að gefa leiknum tíma og rými í

starfinu dags daglega þar sem börnunum er skapað næði. Börnin eru samt ekki afskiptalaus því kennari er til staðar þar sem hann fylgist með leiknum og grípur inn í ef með þarf. Mikil áhersla er lögð á náttúru og útivist sem stuðlar að heilbrigði og vellíðan barnanna og skapar jafnframt aukna nýtingu á bæði inni- og útisvæði skólans. Virk hlustun er notuð í samskiptum við börn og starfsfólk þar sem börnin eru hvött til að tjá eigin skoðanir sem ýtir undir þroska þeirra. Börnin finna að þeim er treyst en jafnframt að það sé góður agi. Við teljum mikilvægan þátt í okkar starfi að börnin tileinki sér sjálfsstjórn.



Skipulag deildar

Samvinna innan hvernar deildar með skipulag/verkaskiptingu

Áhersla er lögð á að undirbúningstímar haldi sér

Allir eru meðvitaðir um að láta undirbúningstíma ganga upp með því að hjálpast að og sýna skilning. Þegar kemur að skipulagi deildarinnar er lesið bæði í barnahópin og starfsmanna-hópin þar sem aðstæður eru metnar og sviðgrúm myndað til sveigjanleika og frumkvæðis að verkefnum og tækifærin eru gripin jafnvel án undirbúnings. Taka þarf tillit til barna með sérþarfir þannig að þau líði ekki fyrir skipulagið heldur nái að njóta sín og þroskast.

Nýting mannauðs

Hróa starfsfólki, hvetja og veita leiðsögn

Sýna sveigjanleika og umburðarlyndi því ekki vinna allir eins

Deildarstjórar leggja áherslu á að efla sjálftraust starfsmanna sem eru á deildinni hjá þeim og hafa jákvætt viðhorf til þeirra. Þeir leggja áherslu á að lesa í styrkleika starfsfólks og hlusta á þá þannig að þeir geti notið sín og þróað sína styrkleika í starfi því starfsmenn eru með ólíka menntun og bakgrunn og mikilvægt að þeir geti nýtt sér það í starfi innan leikskólans. Einnig ýta þeir undir að starfsmenn

eigi frumkvæði að verkefnum og þjálfist í að finna verkefni sem hæfir hverjum aldri fyrir sig. Við sýnum starfsfólki virðingu og áhuga ásamt því að bera traust til þess með því að gefa starfsfólki tækifæri til að miðla sinni reynslu til samstarfsfólks og eflum um leið eigin leiðtogaþæfni. Leitast er við að finna uppbyggilegar leiðir til að starfsfólk geti þróað sig áfram en það ekki rífið niður.



Heimildir

Arna Skúladóttir. (2016). Draumaland, svefn og svefnvenjur barna frá fæðingu til tveggja ára aldurs (6. útgáfa). Reykjavík: Sögur útgáfa.

Christophersen, E. R. og Mortweet, S. L. (2008). Uppeldisbókin, að byggja upp færni til framtíðar (Gyða Haraldsdóttir og Matthías Kristiansen þýddu). Reykjavík: Skrudda ehf.

Csikszentmihalyi, M. (1990). Flow. New York: HarperCollins.

Edda Lydía Þorsteinsdóttir. (2018). Ævintýraskógurinn: Útinám leikskólubarna sem þurfa stuðning í leik og starfi. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Embætti landlæknis. (framleiðandi). (2019). Velliðan leikskólubarna - Hvíld og svefn (myndband).

Farr, T. (2014). Vygotský's Theory of Cognitive Development. Sótt 9. apríl 2019 af slóðinni: <https://blog.udemy.com/vygotskys-theory-of-cognitive-development/>

Guðrún Alda Harðardóttir. (ritstjóri). (2015). Matarmenning í Aðalþingi. Sótt 14. maí af: <http://www.adalthing.is/is/matarmenning>

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar. (2009). Sérkennslustefna leikskólasviðs Reykjavíkurborgar. Reykjavík.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Manniche, V. (2019). Søvnpolitik – sikrer ensartethed og at børn får deres nødvendige søvn. Sótt 9. apríl 2019 af slóðinni: <http://vibekemanniche.dk/soevnpolitik-sikrer-ensartethed-og-at-boern-faar-deres-noedvendige-soevn/>

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). Aðalnámskrá leikskóla. Reykjavík.

RannUng. (2010). Námskrágerð Bugðuleikskólanna. Sótt 22. mars 2019 af: <http://menntavisindastofnun.hi.is/sites/menntavisindastofnun.hi.is/files/rannung/lokaskysrslabugduleikskolar.pdf>

Reykjavíkurborg. (2019). Látum draumana rætast. Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1997). Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Scansleep. (2019). Børns søvn og søvnudvikling. Sótt 9. apríl 2019 af: <http://www.scansleep.dk/omsvn/boern-og-soevn/boerns-normale-soevn/>

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2014). Heimurinn er hér. Stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf. Reykjavík.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2014). Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs. Reykjavík.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2017). Lesið í leik, læsisstefna leikskóla (2. útgáfa). Reykjavík.

Takk fyrir

